

Svör vinnuhópa við spurningum fyrir fundinn

Fylgiskjal með skýrslunni „Að lifa með veirunni“ –
Samráðsvettvangur stjórnvalda 20. ágúst 2020

Efnisyfirlit

1. Hverjar eru helstu áskoranir á viðkomandi sviði til að halda úti starfsemi miðað við þær sóttvarnareglur sem nú gilda?	5
1.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta.....	5
1.2 Menning, íþróttir og dægradvöl	5
1.3 Menntun	6
1.4 Atvinnulíf.....	7
1.5 Almannaoöryggi.....	7
1.6 Velferð	9
2. Ef hægt væri að slaka eitthvað á gildandi sóttvarnareglum, hvaða tilslakanir myndu koma að sem mestu gagni?.....	13
2.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta.....	13
2.2 Menning, íþróttir og dægradvöl	13
2.3 Menntun	13
2.4 Atvinnulíf.....	14
2.5 Almannaoöryggi.....	14
2.6 Velferð	15
3. Hvaða áhrif telurðu líklegt að óbreyttar sóttvarnareglur muni hafa á viðkomandi sviði til lengri tíma litið?.....	16
3.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta.....	16
3.2 Menning, íþróttir og dægradvöl	16
3.3 Menntun	17
3.4 Atvinnulíf.....	18
3.5 Almannaoöryggi.....	18
3.6 Velferð	19
4. Hvaða mótvægisáðgerðir gætu komið að sem mestu gagni til að draga úr áhrifum sóttvarnaaðgerða á viðkomandi sviði?	21

4.1	Heilsa og heilbrigðisþjónusta.....	21
4.2	Menning, íþróttir og dægradvöl	21
4.3	Menntun.....	22
4.4	Atvinnulíf.....	23
4.5	Almannaöryggi.....	23
4.6	Velferð.....	24
5.	Hvaða hópar líða mest fyrir skerta starfsemi á viðkomandi sviði?.....	26
5.1	Heilsa og heilbrigðisþjónusta.....	26
5.2	Menning, íþróttir og dægradvöl	26
5.3	Menntun.....	26
5.4	Atvinnulíf.....	27
5.5	Almannaöryggi.....	27
5.6	Velferð.....	28
6.	Geturðu nefnt eitthvert eitt atriði sem þú telur skipta mestu máli fyrir samfélagið á tímum kórónaveirunnar?	30
6.1	Heilsa og heilbrigðisþjónusta.....	30
6.2	Menning, íþróttir og dægradvöl	30
6.3	Menntun.....	30
6.4	Atvinnulíf.....	31
6.5	Almannaöryggi.....	31
6.6	Velferð.....	32
7.	Annað sem þú vilt taka fram?.....	33
7.1	Heilsa og heilbrigðisþjónusta.....	33
7.2	Menning, íþróttir og dægradvöl	33
7.3	Menntun.....	33
7.4	Atvinnulíf.....	33
7.5	Almannaöryggi.....	34
7.6	Velferð.....	34

1. Hverjar eru helstu áskoranir á viðkomandi sviði til að halda úti starfsemi miðað við þær sóttvarnareglur sem nú gilda?

Þátttakendur fengu spurningar fyrir fundinn til undirbúnings fyrir umræðu á fundinum. Hér á eftir fylgja svör frá þeim sem skiluðu svörum fyrir fundinn.

1.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta

- Tryggja mannauð því núverandi sóttvarnareglur eru mannaflafrekar.
 - Landamæraskimun, einkennaskimun, vera heima ef minnstu einkenna verður vart (getur valdið skorti).
- Tryggja almenna grunnþjónustu því núverandi sóttvarnareglur draga úr afköstum.
- Starfsemi heilbrigðisþjónustu er meira krefjandi (ópersónulegri) með miklum sóttvörnum.
- Allt viðbragð við Covid-19 hefur verið kostnaðarsamt sem getur leitt til kröfu um mikla hagræðingu innan heilbrigðisþjónustu í náinni framtíð.
- Fagfólk í heilbrigðisþjónustu (nemar) er alþjóðlegt vinnuafli sem stundum vinnur bæði hérlendis og erlendis.
- Félagslegt samneyti starfsfólks í heilbrigðisþjónustu er takmarkað bæði í vinnu og utan hennar. Það eitt og sér getur valdið vanlíðan og álagi.
- Viðhalda viðunandi lífsgæðum hjá íbúum hjúkrunarheimila.
- Ótti starfsfólks við að „bera inn“ smit til viðkvæmra þjónustuþega og tilheyrandi sóttkví starfsfólks.
- Bregðast við sálfélagslegum afleiðingum, ótta og einangrunar stórra hópa samfélagsins.
- Núverandi ástand með tilheyrandi sóttvarnareglum veldur álagi á starfsfólk á sama tíma og margar fagstéttir hafa staðið í harðri kjarabaráttu.

1.2 Menning, íþróttir og dægradvöl

- Afar fáir viðburðir sem hægt er að halda úti í leikhúsum eða tónleikum þar sem svo fáir mega koma saman.
- Erfitt að æfa leikverk eða dans miðað við 2 metra reglu eða með grímu.
- Gríðarlegt tekjutap hjá einyrkjum og sjálfstætt starfandi listamönnum og hefur hlutabótaleið illa gagnast þessum hópi.
- Kostnaður hleðst upp hjá menningarstofnunum sem eru með fastráðið starfsfólk og engin ráð til að afla tekna á stórum sviðum.
- Foreldrasamskipti í skólum og íþróttum eru ekki til staðar.
- Börnin eru hrædd.

- Stuðningsaðilum við íþróttahreyfinguna er að fækka.
- Áskorun að fylgjast með stöðugum breytingum á reglum.
- Erfitt ef ekki ómögulegt að halda tónleika, eða aðrar samkomur með lifandi flutningi með 2 metra reglu og 100 manna fjöldatakmörkunum.
- Helsta áskorunin hjá Íslenska dansflokknum (ÍD) finna leið til að sinna lögbundnum skyldum sínum, sem eru að sýna dansverk, bæði innanlands sem utan og veita íslenskum og erlendum danshöfundum tækifæri til að vinna með flokknum. Jafnframt er óljóst hvernig hægt verður að bjóða dönsurum ÍD upp á fjölbreytta þjálfun og æfingar á dansverkum, þegar 2 metra reglan er í gildi.
- Í augnablikinu eru helstu áskoranir aðallega fjárhagslegar en einnig er krefjandi, eins og fyrir annan rekstur að laga starfsemi íþróttahreyfingarinnar að síbreytilegum sóttvarnareglum hverju sinni.
- Innan ÍSÍ eru yfir 50 viðurkenndar íþróttagreinar og hjá ÍSÍ og UMFÍ eru sambandsaðilar rúmlega 400 félög um allt land. Stjórnir sérsambanda, íþróttahéraða og aðildarfélaganna eru mannaðar sjálfbóðaliðum og því getur verið áskorun að aðlaga reglur og rekstur að síbreytilegu umhverfi með eins skjótum hætti og þurfa þykir og hægt er í fyrirtækjaumhverfi.

1.3 Menntun

- Að hólfun í hópa og svæði sé vel skipulögð og skynsamleg, þannig að ekki skapist smithætta en að skólastarf verði sem eðlilegast.
- Að finna lausnir til þess að verknám geti átt sér stað, að leyfi verði fyrir því að nota verkstæði og stunda verknám með varúðarráðstöfunum.
- Að fjarnám sé raunverulegur kostur og komi ekki niður á gæðum námsins.
- Að sérstök kennsluþróun eigi sér stað til að auka gæði fjarnáms.
- Að finna leiðir til þess að styðja við bakið á stúdentum varðandi líðan og til þess að stúdentar einangrist ekki félagslega.
- Stúdentar standa frammi fyrir atvinnuleysi og/eða tekjutapi eins og aðrir hópar, og þörf er á skilningi fyrir aðstæðum þeirra frá háskólunum í formi frestunar / skiptingar / afnámi greiðslna.
- Við þurfum að takmarka verulega hversu mikið kennarar geta hitt nemendur.
- Félagslíf nemenda eru mikil takmörk sett. Nándarreglur koma í veg fyrir ýmislegt sem við teljum til kjarnastarfsemi.
- Helstu áskoranir eru að tryggja að mikilvægir þættir náms og þess að vera í námi skili sér til nemenda með fullnægjandi hætti. Nám er margþætt og flókið ferli sem felur í sér kennslu, skipulega starfshætti, félagsleg samskipti og fleira. Mörgu af þessu er erfitt að sinna og/eða koma til skila þegar félagsleg samskipti eru takmörkuð með einhverjum hætti. Nemendur eru misvel í stakk búnir að takast á við áskoranir sem fylgja svo róttækum breytingum á skólastarfi eins og hafa átt sér stað í kjölfar Covid-19 faraldursins. Enn fremur þar sem samskipti kennara og annarra sem starfa í mennta- og skólasamfélaginu við nemendur er skert verður erfiðara að greina og mæta þörfum nemenda, sérstaklega þeirra sem mest þurfa á aðstoð að halda.
- Almennar áskoranir
 - Öðryggi og óánægja nemenda sem ætluðu sér í listnám en ekki í bóknám í fjarnámi.

- Mikið álag á starfsfólk sem ekki er inni í starfshlutföllum eða vinnuáætlunum kennara / vantar fjármagn til að bæta úr því.
- Mun erfiðara að fá stundakennara til starfa (í það minnsta í Listaháskólanum).
- Þverfagleiki og möguleikar á vali milli námsbrauta er hverfandi eða ekki til staðar.
- Andi og eðli háskólastarfs sem samfélags hugmyndafræðilegrar örvunar, samskipta og samvinnu minnkar til mikilla muna. Líklegt að það sama eigi við um framhaldskólastigið.
- Sérþækari áskoranir
 - Sóttvarnahólfir eru erfið í framkvæmd þrátt fyrir 1 metra regluna, vegna annmarka húsnæðis (sérinngangar, salerni, matar-og kaffiðstaða).
 - Tækjabúnaður til svo víðtækrar fjarkennslu er ekki fyrir hendi.
 - Fjarkennsla á ekki við nema um brot af kennslunni þar sem stór hluti hennar byggir á nánd af ýmsu tagi (leikarar, tónlistarmenn, dansarar), notkun verkstæða, aðgengi þvert á sóttvarnahólf í kennslurými (leiklistarsali, danssali, mótunarrými, saumastofur, textilverkstæði, grafíkprentun o.s.frv.) Aðgengi takmarkast mjög vegna sóttvarnahólfa í húsum og þar sem fólk í hólfunum má aldrei hittast.
 - Vinnuáðstaða verður erfið, ekki hægt að vera saman í rýmum, sem bitnar á samtali og samlegð (plássfrekt) kaffistofur og mataraðstaða er lokað.

1.4 Atvinnulíf

- Mikilvægt að hugsa stórt en á sama tíma sjá fegurðina í einfaldleikanum og passa að missa ekki leikinn úr lífinu.
- Breytingar vekja alls konar tilfinningar hjá fólki.
- Allar stéttir innan BHM hafa aðlagð sig sóttvarnareglum á sínum vinnustöðum. Margir hafa átt þess kost að stunda fjarvinnu en það á ekki við um alla. Á engan er hallað þó bent sé á að mikið álag hefur verið á heilbrigðisstéttunum innan BHM. Samkomubannið olli því að listafólk, sérstaklega í sviðslistum, gat ekki sinnt sínum störfum. Á það hefur BHM margoft bent. Ekki sér fyrir endann á samkomubanni og ljóst að veturinn geti orðið listafólki þungur.

1.5 Almannaöryggi

- Halda framkvæmd löggæslu og öryggisstarfa á landi, á hafi og við landamæri gangandi þrátt fyrir veiru.
- Áskoran að halda 2 metra fjarlægð við framkvæmd löggæslu, öryggisstörf, landhelgisgæslu, slökkvistörf og sjúkraflutninga.
- Tryggja þarf að á hverjum tíma séu nægar birgðir af viðeigandi hlífðarbúnaði; hanskar, grímur og spritt.
- Hætta á að starfsmenn löggæslu og öryggisstofnana veikist við störf sem hefur leitt til þess að samstarfsmenn þurfi að fara í sóttkví. Þetta getur leitt til manneklu í lögregluliðum og erfiðleika við að tryggja mönnun á vöktum.
- Endurskipuleggja þarf starfsemi löggæslu og öryggisyfirvalda á starfsstöðvum, t.d. skipta upp í starfshólf (hefur verið gert).

- Að til sé viðunandi aðstaða, þ.m.t. einangrunaraðstaða á lögreglustöðvum vegna einstaklinga sem hugsanlega hafa smitast.
- Sótthreinsun fangaklefa og ökutækja er viðbótarverkefni fyrir löggæslu og öryggisstarfsmenn sem framfylgja sóttvarnaráðstöfunum.
- Að tryggja órofinn rekstur þeirra innviða sem teljast svo mikilvægir fyrir samfélagið að hætti þeir að virka hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir líf og heilsu íbúa og þá félagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu þætti sem tryggja öryggi og heill samfélagsins.
- Komast hjá manneklu vegna smita.
- Tryggja ef þarf erlenda sérfræðinga til að viðhalda ómissandi innviðum og að unnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.
- Flókið að setja upp nýjan búnað eða gera við búnað. Því þarf að setja viðmiðanir um þær nauðsynlegu birgðir og viðbúnað sem þarf að vera til staðar í landinu þegar hættu- eða neyðarástand skapast.
- Áskoranir að halda 2 metra reglu hjá dómstólum. Mikill erill er hjá héraðsdómstólunum einkum hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness einkum við þingfestingar mála. Almenníngur, lögmenn og ákærendur mæta þar daglega og er þá á stundum erfitt að gæta að 2 metra reglu. Í Héraðsdómi Reykjavíkur eru 10 dómsalir og í raun einungis einn þeirra sem nýtist við aðalmeðferð í fjölskipuðum dómi þar sem aðilar og vitni mæta til skýrslugjafar þannig að 2 metra regla sé viðhöfð. Af þeim sökum var stærri málum frestað fram til haustsins. Skýrslutökur eru teknar upp í hljóði og mynd með þar til gerðum búnaði dómstólanna. Mögulegt væri að leigja stærri sali fyrir þinghöld en þá þyrfti að koma upp þar til gerðum hljóð- og myndatökubúnaði með tilheyrandi kostnaði. Við skýrslutökur væri erfitt að notast við grímur þar sem mikilvægt er að aðilar og vitni hylji ekki andlit sitt.
- Aðgengi að raforku heimila og stofnana, þar með dómstólanna er grunnforsenda fyrir því að starfsemi dómstólanna geti gengið. Raforka er forsenda fyrir rafrænni málaskrá og lögbundinni hljóð- og myndupptöku í héraði og fyrir Landsrétti.
- Öruggt aðgengi að fjarskiptakerfum er lykilatriði. Dómstólarnir hafa innleitt rafrænt nettengt málaskrárkerfi sem gerir starfsmönnum kleift að nálgast gögn í dómsmálum hvar sem er með tveggja þátta auðkenningu. Netöryggi í víðum skilningi er forsenda þess að mögulegt sé að halda starfsemi dómstólanna gangandi miðað við núverandi sóttvarnareglur. Lögum hefur verið breytt tímabundið þar sem skýrslutökur eru heimilaðar af aðilum og vitnum með aðstoð fjarfundabúnaðar sem skiptir miklu máli þar sem slíkar ráðstafanir draga mjög úr „umferð“ um húsnæði dómstólanna. Minni umferð almennings tryggir betur sóttvarnaöryggi starfsmanna og þeirra sem til dómstólanna leita hverju sinni. Að starfsmenn geti í einhverjum mæli sinn störfum að heiman gerir það sömuleiðis.
- Boð og bannreglur vegna sóttvarna þurfa að gera aðgengilegar og skýrar ekki síst vegna viðlagðra refsinga ef brotið er gegn þeim.
- Það má ekki gerast að misræmi sé milli stjórnvaldsfyrirmæla (reglugerða eða auglýsinga) og upplýsingaefnis yfirvalda t.d. covid.is þegar slíkt kemur fyrir er það á kostnað trúverðugleika stjórnvalda sem er algjör forsenda fyrir því að almenningur og samfélagið allt taki þátt. Ef traust á stjórnvöldum fer þá leitar fólk annað þ.m.t. á samfélagsmiðla þar sem ekki er hægt að gagna úr skugga um réttmæti upplýsinga.
- Skilgreina framlínusveit starfsmanna innviða sem njóta forgangs vegna skimunar.

- Virða og framfylgja reglum sem viðkomandi svið komu ekki að því að semja.
- Eiga viðbragðsáætlanir tilbúnar sem starfsmenn geta tileinkað sé hratt og vel.
- Hjálpa starfsmönnum að tileinka sér íþyngjandi verklag.
- Hvetja starfsmenn þar sem við erum hætt í spretti og komin í langhlaup. Annað hugarfar þarf í þá keppni.
- Tryggja smitvarnir, persónulegar sóttvarnir, handþvott og sprittun. Að auki þarf að gæta þess að umgengni sé í lágmarki ef smit hefur komið upp. 2 metra reglu þarf þá að virða og ef það gengur ekki að nota grímur og sóttvarnahanska.
- Eins og staðan er núna þá er starfsemin í ágætu jafnvægi þrátt fyrir Covid-19. Vel er fylgst með þróuninni og ætti að vera hægt að bregðast hratt og vel við ef taka þarf upp hólfaskiptingar að nýju.
- Stærsta áskorunin er að brýna starfsmenn til að gæta vel að sóttvörnum bæði í leik og starfi.
- Helstu áskoranir utan frá og varða þá m.a. farþegaflutninga Norrænu og öll þau verkefni sem þeim fylgja.
- Til viðbótar eru líkur á því að álag muni aukast eitthvað í eftirfylgd með að sóttkví sé virt. Ljóst er að farþegum með Norrænu fækkar en aukin vinna mun væntanlega þurfa að fara fram við að tryggja að viðkomandi fari í sóttkví á stað sem uppfyllir skilyrði sóttkvíar, samsetning farþega með ferjunni er alls konar, húsbílar, hjól o.fl.. Talsverð áskorun í að tryggja það.
- Einnig ljóst að ef við þurfum að skilja á milli eininga verður það talsverð áskorun eins og var í vetur.
- Helstu áskoranir Landsnets er að halda rekstri samfelldum og órofum, þ.e. að geta tryggt öruggt rafmagn fyrir alla.
- Að tryggja nægan mannskap tiltækan í þau verkefni er snúa að rekstrinum og stjórnstöð allan sólarhringinn. Sama á við um stjórnkerfið okkar, fjarskipti og upplýsingatækni. Fyrir okkur og örugglega alla sem eru með svipaða starfsemi er áskorunin líka fólgin í að komast í framkvæmdir, viðhald og viðgerðir, að geta unnið í hópum og fengið til okkar erlenda sérfræðinga þegar það ber undir.

1.6 Velferð

- Tveggja metra reglan hefur óhjákvæmilega hamlandi áhrif á starfsemi margra félagasamtaka og sjálfshjálparhópa. Þannig lokuðu mörg úrræði í vor vegna þessa og starfsemin er einnig takmörkuð núna. Dæmi um sjálfshjálparhópa, sem fóru ýmist á netið eða hættu fundum eru AA og Alanon. Líklegt verður að teljast að áhrif þessa komi fram með haustinu og í vetur. Þrátt fyrir 100 manna viðmið er augljóst að tveggja metra reglan setur verulegar kvaðir á rýmið.
- Viðkvæmir hópar: Takmörkun heimsóknna á dvalar- og hjúkrunarheimili – einangrun og einmanaleiki. Hólfaskipting þjónustu við fólk í félagsstarfi og á vernduðum vinnustöðum.
- Atvinnustig: Aukið atvinnuleysi, brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla og aukin fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.
- Að gæta að smitgát í vitjunum, t.d. inn á heimili vegna barnaverndar og vitjana til fólks með geð- eða hegðunarraskanir. Viðtöl við notendur.
- Fólk í viðkvæmri stöðu vegna heilsu sinnar, er hætt við einangrun þegar þröngar skorður eru settar á stöðum sem það sækir daglega, s.s. dagvistun, félagsmiðstöðvar, starfsemi félagasamtaka,

hverskonar menningarafþreying, vinnustaðir o.fl. 2 metra reglan er hamlandi en um leið getur hún verið nauðsynleg sumum hópum. Þá getur skólastarf þar sem fötluð börn þurfa aðstoð í návígi reynst erfið í framkvæmd þó svo að þar sé 1 metra regla.

- Það er áskorun fyrir félagsmálayfirvöld að takast á við félagslega einangrun fólks með heilsufarsvanda. Slík einangrun getur valdið frekari andlegum og líkamlegum vanda hjá mörgum sem þarf að takast á við. Ýmis félög hafa bætt símasvörun eða hringt sjálf út, en það þarf væntanlega meira til.
- Varðandi akstursþjónustu fatlaðra er mjög erfitt að virða 2 m regluna meðan verið er að taka upp fleiri en einn farþega í bíl. Oft er um að ræða fólk með lélegt ónæmiskerfi. Sambýli og stofnanir eru hættulegir staðir að búa á á svona tímum. Dæmi eru um erlendis að fólk hafi verið læst inni í herbergjum sínum, en það er að sjálfsgöðu ekki lausnin. Það kemur niður á líkamlegri heilsu fólks að fresta komu sinni til læknis vegna annarra kvilla eins og gerðist í vor þegar heilbrigðiskerfið allt tókst á við veiruna, auk þess sem sjúkrabjálfun var lokuð. Við viljum ekki fara aftur á þann stað.
- Helstu áskoranir felast í því að tryggja að fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir fái tækifæri til fullrar þátttöku í samfélaginu s.s. námi, atvinnu og félagslífi en einangrist ekki heima vegna lokana á t.d. skólum, stöðum þar sem boðið er upp á frístundastarf og vinnustöðum. Mikilvægt er að stjórnvöld líti til þess að oft er um að ræða staði þar sem fatlað fólk fær þjónustu sem það á lögbundinn rétt á og finni aðrar leiðir til að standa við lagalegar skyldur sínar til að sjá fyrir þjónustu. Þá er mjög mikilvægt að stjórnvöld leiti allra leiða til að ráðstafanir sem kann að þurfa að grípa til hafi ekki meira íþyngjandi áhrif og raskanir í för með sér fyrir fatlað fólk og aðstandendur þess en óhjákvæmilegt er. Hægt er að draga úr slíkum áhrifum og röskunum með því að kenna fólki að fara eftir settum reglum, nota andlitsgrímur og kenna notkun þeirra og gera auknar kröfur á starfsfólk um að það fari eftir settum sóttvarnareglum til að tryggja að smit berist ekki inn í skóla og vinnustaði og beri t.d. alltaf andlistgrímur. Mikilvægast er að loka ekki stöðunum og ef að t.d. kemur aftur til lokana í framhaldsskólum að þá verði starfsbrautum ekki lokað þar sem lokanir koma almennt mun verr við nemendur þar en nemendur almennt sem og aðstandendur fatlaðra nemenda. Því er bráðnauðsynlegt að allra leiða sé leitað til að hafa starfsbrautir opnar og nýta þá aukið pláss í skólunum til að tryggja fjarlægðarmörk og fjöldatakmarkanir. Mikilvægt að hefja strax vinnu við útfæra hvernig er hægt er að framkvæma þetta ef kemur til frekari lokana. Hafa ber í huga að fólki með þroskahömlun hentar oft afar illa að stunda fjarnám á sama hátt og aðrir nemendur og geta almennt ekki gert það nema einhverjir aðstandendur séu þeim til aðstoðar við það heima og því er afar mikilvægt þegar verið er að skerða skólaþjónustu og taka upp meira fjarnám að tryggja að þau geti mætt í skólann (auðvelt að útfæra þar sem það ætti að vera nóg pláss þegar allir hinir nemendurnir eru í fjarnámi). Ef þetta er ekki gert leiðir það til að stjórnvöld mismuna fötluðum börnum og ungmennum sem í hlut eiga um aðgang að menntun. Áréttað skal í þessu sambandi að sú skýra skylda hvílir á stjórnvöldum samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks að tryggja viðeigandi aðlögun gagnvart þeim nemendum sem í hlut eiga og gera ráðstafanir gagnvart hverjum og einum sem miðast við aðstæður hans og þarfir til að lágmarka skaða sem hann verður fyrir hvað varðar mjög mikilsverð mannréttindi, þ.e. aðgang að menntun án mismununar á grundvelli fötlunar. Ef óhjákvæmilegt er að nemendur á starfsbrautum þurfi að vera heima vegna Covid-19 ráðstafana verði aðstandendum þeirra sem þurfa að vera heima hjá þeim, þar sem þau fá ekki þjónustu sem þau eiga lagalegan rétt á vegna fötlunar sinnar í skólum eða með öðrum jafngildum hætti, greidd laun fyrir og aðrar ráðstafanir gerðar til að verja þá fyrir að þetta

komi niður á þeim í störfum þeirra eða námi. Ef það er ekki gert er um að ræða mismunun stjórnvalda gagnvart þeim á grundvelli fötlunar barna þeirra.

- Það er líka mikilvægt að tryggja að skert framlög í jöfnunarsjóð verði ekki til þess að draga úr þjónustu við fatlað fólk. Ætla má að frekar þurfi að bæta í, en draga úr fjármagni til að veita þjónustuna vegna þeirra breytinga sem hún þarf að taka í tengslum við sóttvarnaaðgerðir. Samtökin Inclusion Europe (heildarsamtök evrópskra samtaka sem vinna að réttinda- og hagsmunamálum fólks með þroskahömlun) hafa gefið út upplýsingabækling um það hvernig er hægt að stuðla að því að Covid-19 komi síður illa niður á fólki með þroskahömlun og fjölskyldum þeirra. Þar kemur fram að það er mikilvægt að hafa upplýsingar skýrar og koma þeim á framfæri:
- Mikilvægt að hafa allar upplýsingar aðgengilegar og á auðskildu máli sérstaklega þar sem það er mikið af flóknum upplýsingum.
- Útskýrið á skýran og einfaldan hátt hvað þeir þurfa að gera til að vernda sig og aðra.
- Hafið aðgengilegt símanúmer og netfang þar sem fólk getur fengið nánari upplýsingar.
- Auðskilið mál er ekki bara texti heldur getur verið gagnlegt að nota myndband til að koma upplýsingum á framfæri.
- Mikilvægt er að gera upplýsingarnar aðgengilegar með því að setja sig í samband við samtök og þjónustuaðila sem geta aðstoðað við að koma þeim á framfæri.
- Veita aðstoð bæði við að framfylgja sóttvarnareglum og að takast á við einangrun.
- Mikilvægt er að hafa í huga að sóttvarnaaðgerðir svo sem fjarlægðarreglur og sjálfskipuð sóttkví getur verið óframkvæmanleg fyrir þá sem þurfa að reiða sig á aðstoð annarra við að borða, klæðast og baðast (ADL).
- Koma í veg fyrir meiri skaða og tryggja réttindi fatlaðs fólks.
- Það er ekki ásættanlegt að nota Covid-19 til að draga úr réttindum fatlaðs fólks en þetta hafa sum lönd gert. Verndum réttindi fatlaðs fólks í öllum aðgerðum sem gripið er til vegna Covid-19. Það er mikilvægt að hafa fólk með þroskahömlun, fjölskyldur þeirra og samtök sem koma fram í þeirra nafni með í ráðum þegar verið er að taka ákvarðanir um sóttvarnareglur og hvernig er hægt að framkvæma þær án þess að skerða sjálfsákvörðunarrétt og þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu.
- Mikilvægt er að koma í veg fyrir að fjármagn til þjónustu og framfærslu skerðist á meðan á sóttvarnaaðgerðum stendur.
- Mesta áskorunin sem velferðarþjónustan stendur frammi fyrir er að endurskipuleggja þjónustuna þannig að unnt verði að virða sóttvarnareglur og um leið halda óbreyttu þjónustustigi. Við viljum ekki skerða þjónustu.
- Þetta gerum við með því að aðlagja þjónustuna að því ástandi sem ríkir – og með því að hafa samtal og samráð við notendur og hagsmunasamtök, s.s. LEB, Geðhjálp og Þroskahjálp.
- 1 metra regla í stað 2 metra - 2 metra reglan er íþyngjandi í þungri umönnun og sólarhringsþjónustu í íbúðakjörnum og sambýlum fyrir fatlað fólk og þjónustuíbúðakjörnum fyrir aldraða, dagdvölum, vistheimilum fyrir börn og skammtímadvölum fyrir fötluð börn.
- Taka sérstakt tillit til fatlaðra ungmenna varðandi órofna þjónustu í skóla og dagþjónustu.
- Vinna sérstaklega með fólki sem er í áhættu varðandi félagslega einangrun.
- Tryggja aðgengi að sóttvarnarhúsi fyrir íbúa herbergjasambýla sem gætu þurft að fara í sóttkví eða einangrun.

- Auka rafræna ráðgjöf og rafræn umsóknarferli en bjóða upp á hefðbundna þjónustu til þeirra sem ekki geta nýtt stafræna þjónustu.
- Tryggja ráðgjöf og stuðning við innflytjendur á formi sem hentar.
- Vinna með heimilisofbeldi.
- Við þurfum að huga sérstaklega að framlínustarfsmönnum og hlúa að þeim eftir bestu getu og hvetja framlínufólkið og stjórnendur í velferðarþjónustu til jafns við heilbrigðisstarfsfólk undir heitinu Heilsa og velferð – ekki einblína bara á heilbrigðisstarfsfólk – heldur líka sjúkraflutningamenn, starfsmenn í sólarhringsþjónustu á vegum sveitarfélaganna svo eitthvað sé nefnt.
- Skoða fordæmi, t.d. Walmart og hvaða leiðir þau fóru til að tryggja eldra fólki aðgang að verslunum. Skoða önnur góð fordæmi og skapa ný.
- Sóttvarnir þrengja mjög að allri félagsstarfssemi og er komin töluverð óvissa hjá mörgum af okkar aðildarfélögum um hvað má og hvað ekki. Við sendum út reglur af Covid-19 síðunni til leiðbeiningar, en umræðan síðustu daga er að skila breytilegri túlkun. Mikilvægi þess að geta haldið uppi félagsstarfi er mjög mikið.

2. Ef hægt væri að slaka eitthvað á gildandi sóttvarnareglum, hvaða tilslakanir myndu koma að sem mestu gagni?

2.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta

- Þeim sóttvarnareglum sem nú eru í gildi er ætlað að draga úr smitum sem ætti að auka líkur á tilslökunum innanlands sem hefðu mest áhrif á starfsemi heilbrigðisþjónustu.
- Einfaldara fyrir heilbrigðiskerfið að draga úr sýnatöku á landamærum ef sóttkví er beitt í staðinn.
- Sérhæft fagfólk (kennarar) er oft alþjóðlegt vinnuafl sem kemur til landsins fyrir einstök verkefni. Sóttkví við heimkomu er því íþyngjandi fyrir alla slíka starfsemi.

2.2 Menning, íþróttir og dægradvöl

- Afnema 2 metra regluna svo hægt verði að æfa og taka á móti gestum.
- Liðka fyrir fjöldatakmörkunum svo hægt sé að opna á stærri viðburði.
- Fá leyfi fyrir áhorfendum á íþróttakappleiki.
- Ef 2 metra reglan dettur út þá breytist ansi margt varðandi tónleikahald og samkomur af öllu tagi.
- Skoða þarf kerfið varðandi skimanir og koma upp góðu fyrirkomulagi sem einfaldar og hraðar ferlum, t.d. þegar íslenskt íþróttafólk ferðast á milli landa til þátttöku í alþjóðlegum mótum.
- Afar þarft væri að fá leyfi fyrir áhorfendum með þeim reglum um nánd og fjölda sem gilda. Það skiptir máli, bæði fjárhagslega og ekki síður félagslega.
- Númer eitt, tvö og þrjú þá þarf að rýmka fyrir 2 metra reglunni, af því að á meðan hún er í gildi getur dansflokkurinn lítið sem ekkert sinnt sínum skyldum, þjálfun dansara verður mjög takmörkuð og æfingar á þeim verkefnum sem eru á plani ógerlegar að öllu leyti. Það sama gildir jafnframt um áhorfendur. ÍD getur starfað að vissu leyti í 100 manna samkomubanni ef 2 metra reglan væri lögð af eða undanþágur veittar fyrir æfingar og sviðsframkomu.

2.3 Menntun

- Hægt væri að aðlaga reglur um sóttvarnahólf betur að starfi háskólanna.
- Bæði nándarmörk og fjöldatakmarkanir setja okkur mikil mörk. Þó er ljóst að fjöldamörkin eru okkur þyngri í skauti.
- Hækka mörk um fjölda (fleira fólk) í hverju hólfi.
- Bætir möguleika á þverfaglegri vinnu og námi.
- Einfaldar flæði og bætir nýtingu á húsnæði og aðstöðu.

- Miðað við sama fjölda í hölfum myndi að öðrum kosti hjálpa ef hólfín mættu skarast að einhverju marki (sem þau gera utan skólans hvort sem er).
- Aukið samtal um sértækar lausnir, fyrir mjög sértækt nám líkt og við LHÍ (enginn slíkur skóli í landinu) myndi auðvelda raunsæjar tilslakanir án þess að það þyrfti að bitna á sóttvörnum.
- Nú hefur verið slakað þó nokkuð á samkomubannsreglum og skólar fengið frekari tilslakanir varðandi fjarlægðarmörk. Ég er ekki viss um að það væri mikill ávinningur í því að slaka meira en þegar hefur verið gert. Hins vegar er mikilvægt að huga að félagslífi ungs fólks og hvernig megi efla það, og það þyrfti kannski ekki endilega að fela í sér frekari tilslakanir. Snýst kannski meira um að skapa tækifæri til að upplifa félagslega nánd. Kannski mætti t.d. að leita leiða til að nýta svæði og rými í opinberri eigu, sem eru minna notuð en vanalega vegna samkomutakmarkana, í þágu nemenda með einhverjum hætti.

2.4 Atvinnulíf

- Það er ekkert annað að gera en að líta á þetta sem langhlaup, bíða eftir bóluefni og vona að almenningur fái slíkt hið fyrsta.
- Sumt er að fara að breytast varanlega, annað tímabundið og þörf er á að hugsa fjölmargt alveg upp á nýtt til að sýna ábyrgð og lágmarka hættu á smitum í samfélaginu.
- Hjálpa fólki að velja þá kosti til að vera sú breyting sem þarf að vera í samfélaginu.
- Þetta er í samræði þá við stefnu í nýsköpun, menntamálum, fjármálaheiminum – þverpólíti.
- Hvati til að framkalla þá sýn sem er sett fram s.s. leita sér aðstoðar, mennta sig, huga að heilsu, fá sálfræðitíma o.fl.
- Það er gæfa okkar sem þjóðar að hafa tekist á við faraldurinn með bestu fáanlegu þekkingu að leiðarljósi. Háskólamenntaðir sérfræðingar hafa ráðlagt stjórnvöldum og þau farið að ráðum þeirra við útfærslu og framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Við erum stolt af háskólasamfélaginu fyrir að ráðleggja stjórnvöldum og gagnrýna þau með uppbyggilegum hætti. Það er ekki á færi BHM að gagnrýna aðgerðirnar eða leggja mat á það hvaða tilslakanir komi helst til greina.

2.5 Almannaöryggi

- Almannaöryggi: Varðandi dómstólana væri tilslökun á 2 metra reglunni hjálpleg sérstaklega með fjölskipaðan dóm. Annars eru dómstólarnir að finna leiðir varðandi 2 metra fjarlægðarmörk og sóttvarnir þegar ekki er mögulegt að vinna með rafrænar lausnir ásamt sóttvörnum hjá dómstólunum.
- Raforka, fjarskipti: Ekki þörf á tilslökunum í þessum geira eins og er.
- Leyfa viðkomandi sviðum (geirum) að semja sínar reglur. Mikið undir hjá hverju sviði (geira) að vera með órofinn rekstur.
- Skoða með 1 metra á milli vinnufélaga – tengdir aðilar.
- Vera með 2 metra milli ótengdra aðila, ef ekki þá hlífðargrímur.
- Flokka starfsemi eftir mikilvægi, hvað er viðkvæmt og hvað ekki, reglur í takt við það.
- Leyfa meiri félagsleg samskipti, t.d. með 1 metra reglu en sóttvörnum að sjálfsögðu. Maður er manns gaman.

- Hugsanlega slökun á fjarlægðarreglu líkt og ætlunin er að verði með skólahald, en það gerir þá ríkari kröfur til þess að persónulegum smitvörnum sé sinnt af kostgæfni. Það fer svo eftir þróun sýkinga hvort hugsanlega megi fjölga þeim sem koma saman.
- Miðað við ástandið nú og hvernig hægt er að sjá það fyrir sér með breyttum reglum er taka gildi á morgun, þá finnst mér líklegt að álag á lögreglu og aðra innviði muni verða minna en áður með sýnilega fækkandi farþega- og ferðamannafjölda til landsins.
- Sé ekki að efni séu til að slaka á neinum reglum, sýnist við nær því að þurfa að herða reglur en slaka á þeim.
- Ef við hugsum út frá framkvæmdum þá skiptir B sóttkvíin miklu máli fyrir starfsemina, við þurfum talsvert á erlendum sérfræðingum að halda þannig að hvernig lokun landamæra, skimun og sóttkví erlendra ríkisborgara er háttað hefur áhrif.
- Mögulega að stytta fjarlægðarregluna úr 2 metrum í 1.
- Tilslakanir á framkvæmd sóttkvíar vegna hingað komu erlendra sérfræðinga

2.6 Velferð

- 1 metra regla sem rætt hefur verið um og hefur verið tekin upp í skólum mætti taka upp á stöðum þar sem ákveðinn hópur kemur reglulega saman. Þetta skiptir máli fyrir minni úrræði þar sem tveggja metra reglan kemur í raun í veg fyrir allt starf.
- Fjölga þeim sem mega koma saman og 2 metra reglan sé valkvæð.
- Ekki ætti að slaka á varðandi sóttvarnir og skimanir á landamærum. Til að hægt sé að slaka á varðandi fjölda fólks á hverjum stað gæti 1 m reglan sem tekin er upp í skólum hentað. Um leið gæti verið þörf á að fólk notaði grímur og passaði sérstaklega upp á hreinlæti þar sem snertifletir fólks eru s.s. handrið, borð, stólar, salerni, lyftuhnappar o.s.frv.
- Spurning hvort það séu tilslakanir eða breytingar en með því að taka upp breytingar á fjarlægðarviðmiðunum og taka samhliða upp grímunotkun er hugsanlega hægt að koma í veg fyrir lokanir á þjónustustöðum og í skólum.
- Ef 1 metra regla yrði tekin upp myndi staðan verða raunhæfari og auðveldari fyrir íbúa í sólarhringsþjónustu, bæði fatlað fólk og aldrað. Eins skiptir öllu máli að fatlaðir nemendur fái fulla skólasetu, þeim verði forgangsraðað en ekki látnir mæta afgangi. Einangrun þessa hóps verður mjög áþreifanleg ef þau komast ekki í skóla og/eða dagþjónustu. Eykur líka mikið álag á fjölskyldur.
- Það er ljóst að 2 metra reglan er erfiðust. Almennt er fólk sátt við sprittun og handþvott, sem enn mætti þó skerpa á. Að búa við takmarkanir vegna 2 metra reglunnar er mjög krefjandi og einnig öll sú sóttþreinsun sem eykst við að hafa opnar dyr fyrir félagsstarf, t.d. eldri borgara. Finna þarf leiðir til að auðvelda eldra fólki að eiga samskipti við annað fólk.

3. Hvaða áhrif telurðu líklegt að óbreyttar sóttvarnareglur muni hafa á viðkomandi sviði til lengri tíma litið?

3.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta

- Að því gefnu að óbreyttar sóttvarnareglur dragi úr smitum ættu þær til langs tíma að draga úr álagi á heilbrigðisþjónustu en til skamms tíma er aukið álag.
- Ef langtíamarkmið um fækkun smita gengur ekki eftir og þar með slökun á sóttvarnareglum innanlands er um að ræða viðvarandi álag með mögulega auknu álagstengdu brottfalli starfsfólks.
- Óbreyttar sóttvarnareglur hafa áhrif á almenna heilbrigðisþjónustu og geta t.d. haft áhrif á aðgengi hennar.
- Óbreyttar sóttvarnareglur hafa áhrif á sálfélagslega líðan starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar.
- Óbreyttar sóttvarnareglur hafa áhrif á endurmenntun starfsfólks
- Faraldurinn hefur krafið heilbrigðisþjónustuna um nýja nálgun á skömmum tíma en afleiðingar þess koma í ljós síðar.
- Hið mikla viðbragð við Covid-19 tekur mikið til sín af getu heilbrigðiskerfisins sem getur tekið frá öðrum sviðum heilbrigðisþjónustu t.d.:
 - Eftirlit með langvinnum sjúkdómum.
 - Einhverjir sem ættu annars að leita þjónustu veigra sér við því.
 - Eftirlit með gæðum almennrar heilbrigðisþjónustu gæti minnkað.
 - Lenging biðlista.
 - Einangrun íbúa hjúkrunarheimila.

3.2 Menning, íþróttir og dægradvöl

- Stórfelldar uppsagnir hjá stofnunum.
- Atvinnuleysi hjá lausráðnum listamönnum.
- Brottfall úr greininni bæði í menningu og íþróttum.
- Lítil nýliðun í bæði menningu og íþróttum.
- Innviðir menningarstofnanna veikist sökum samdráttar.
- Flækjustig sóttvarnalaga er kostnaðarsamt og hefur fælingarmátt í íþróttarhreyfingunni.
- Alþjóðasamstarf hættir.
- Langvarandi atvinnuleysi, brottfall úr greininni og engin nýliðun.
- Það er afar brýnt að dansarar ÍD verði ekki lengi bundnir af fjarlægðar-takmörkunum þar sem líkamleg þjálfun er aðalatriðið í þeirra starfi og takmarkað hvað hægt er að æfa mikið einn síns liðs.

Ef það líður of langur tími þar til að dansarar ÍD geti farið að æfa á fullum krafti á ný, þá á það eftir að taka lengri tíma að komast aftur í fullt form sem eykur líkur á meiðslum.

- Flækjustig hefur alltaf fælingarmátt, bæði fyrir iðkendur og starfsfólk. Aukið flækjustig í rekstri, álag vegna síbreytilegra aðstæðna, erfiðara rekstrarumhverfi og þverrandi möguleikar á tekjuöflun getur haft áhrif á áhuga fólks til að starfa í íþróttahreyfingunni í sjálfbærliðastarfi í sínum frítíma. Þá er líklegt að harðar sóttvarnareglur muni leiða til þess að bakhjarlar íþróttahreyfingarinnar endi margir hverjir í greiðsluerfiðleikum sem komi þá á endanum niður á félögunum og starfsemi þeirra.
- Íþróttahreyfingin óttast að brottfall úr íþróttum muni aukast, ekki síst hjá ungmennum sem eru á þeim aldri sem brottfall var algengast fyrir Covid-19. Efnahagsþrengingar hjá fjölskyldum gætu haft áhrif á íþróttaiðkun.
- Þróun sem þessi er sérstaklega alvarleg í ljósi þess að heilsufar og hreysti hefur mikið að segja í baráttunni gegn Covid-19 veirunni og því sérlega mikilvægt að hlúa vel að heilsu almennings og hvetja til hreyfingar og alls sem stuðlað getur að betri lýðheilsu á Íslandi.
- Íþróttahreyfingin hefur viðtæka reynslu frá hrunárunum varðandi mikilvægi þess að börn og ungmenni geti haldið sínu lífi sem mest í rútínu á tímum þegar erfiðleikar og áhyggjur steðja að og hreyfingunni tókst með harðfylgi og góðum stuðningi samstarfsaðila og opinberra aðila að halda úti nánast óbreyttu íþróttastarfi í gegnum erfiðasta tímabilið á hrunárunum. Við erum þess fullviss að það hefur spilað stórt hlutverk bæði hjá iðkendum og forráðamönnum að ganga að íþróttæfingum vísu, mitt í öllum storminum.

3.3 Menntun

- Óbreyttar sóttvarnareglur leyfa venjulegu félagslífi ekki að eiga sér stað, sem er skiljanlegt þegar þörf er á því að takmarka samgang fólks, en til lengri tíma þá mun það hafa áhrif á líðan stúdenta.
- Óbreyttar sóttvarnareglur gera einnig faglegu samstarfi erfitt fyrir, stór hluti náms á sér stað utan fyrirlestra, í samskiptum milli stúdenta og milli stúdenta og starfsfólks. Ráðstefnur, málstofur og annars konar akademískar samkomur myndu þurfa að fara fram með breyttu sniði eða bíða, en afnám slíkra viðburða alfarið dregur úr gæðum námsumhverfisins.
- Skólastarf verður þyngra og þyngra. Óbreytt ástand mun leiða til vanlíðunar nemenda og starfsmanna. Talsverð hætta er á að ungt fólk muni alls ekki hlýða tilmælum sóttvarnaryfirvalda.
- Mestu hættur til lengri tíma í menntun stafa fyrst og fremst af því hversu kennarar og aðrir í skóla- og fræðslustarfi hafa verið illa undir það búnir að auka (og í sumum tilfellum taka alfarið upp) rafræna kennsluhætti og fjarnám. Það hafa vissulega allir gert sitt besta í mjög svo framandi og óvæntum aðstæðum, en ég óttast að í allt of mörgum tilfellum hafi gæði kennslu ekki verið fullnægjandi. Það má telja líklegt að þetta muni hafa langtímaáhrif fyrir nemendur og menntakerfið í heild vegna keðjuverkandi áhrifa sem verða þegar heilir árgangar færast í gegnum kerfið með slakari undirbúning en gert hefur verið ráð fyrir.
- Útilokar þverfagleika í námi, kennslu og rannsóknnum innan stofnunar, en í þessum þáttum eru mestu tækifærin til þróunar.
- Færir kennsluþróun í listum (aðra en fjarkennslu) aftur til gamalla tíma sem ekki stenst gæðaviðmið eða samtímaviðmið í okkar stofnun
 - erfiðleikar við að halda uppi tengslum við fagvettvang (opnir fyrirlestrar, listrænir viðburðir, tónleikar, leiksýningar, danssýningar, myndlistasýningar, tiskusýningar og hönnunarviðburðir)

- erfiðleikar við miðlun skólastarfsins (opnir fyrirlestrar, listrænir viðburðir, tónleikar, leiksýningar, danssýningar, myndlistasýningar, tískusýningar og hönnunarviðburðir).
- Möguleikar nemenda á að nýta sér námið minnka til muna vegna:
 - kvaða sem tengjast okkar sértæku kennsluaðgerðum, sérstaklega í leiklist, dansi og tónlist.
 - minni möguleika á samtali þvert á aðrar brautir og deildir í skólanum.
 - minni félagslegrar virkni innan skólans sem er ríkur liður í menntun á efri skólastigum.
- Möguleikar kennara á samtali minnka til muna og samlegð í kennslu sömuleiðis.
- Samfélagsleg áhrif innan stofnunar eru mikil.
- Fjármagn vantar til að mæta nýjum kennsluháttum (tæki og tól, þróun o.s.frv.).
- Dæmi um einfaldar aðgerðir sem hjálpa mikið eru þó t.d. lausnir byggðar á hönskum og grínum svo dæmi sé nefnt um litla hluti sem skipta miklu máli.

3.4 Atvinnulíf

- Jákvæð áhrif á umhverfið.
- Erfitt fyrir mjög marga hópa félagslega og á líkama og sál.
- Fleiri tileinka sér tæknina og margir heltast úr lestinni.
- Afleiðingar sóttvarnaaðgerða eru margs konar. Þær valda auknu álagi á margar starfsstéttir, framlínufólk í þjónustu, kennara og heilbrigðisstarfsfólk, t.d. það álag getur komið niður á heilsu og líðan þessa starfsfólks til langs tíma. Við því þarf að bregðast strax.
- Frá sjónarhóli stéttarfélaganna er mikilvægast að tryggja afkomuöryggi allra á vinnumarkaði. Sú hætta er fyrir hendi að kreppan verði nýtt sem skálkaskjól til að grafa undan réttindum launafólks og stöðu stéttarfélaga á vinnumarkaði. Það má ekki gerast.

3.5 Almannaöryggi

- Aðgerðir geta leitt til uppsafnaðs vanda, lögregla dregur t.d. úr umferðargæslu sem getur leitt til aukins hraðaksturs og aukinna dauðsfalla og rannsóknir mála dragast.
- Almannaöryggi: Málsmeðferðarími kann að lengjast í þeim málum sem ekki er hægt að ljúka með nýtingu tæknilausna og annarra úrræða sem að framan eru talin. Huga þarf að auknum ríkisútgjöldum vegna tæknilausna o.fl. (fjarfundabúnaður, leiga á sölum fyrir dómsmál o.fl.). Fjarvinna mun aukast sem aftur kallar á að huga þarf að líðan starfsfólks sem kemur ekki nema stopult á starfsstöð sína. Vænta má aukins kostnaðar við þrif og sóttvarnir.
- Raforka og fjarskipti: Aukin nýting tæknibúnaðar kallar á öruggar og varanlegar lausnir fyrir stofnanir. Fjarfundir munu festast enn frekar í sessi og námskeið og fræðsla mun breytast og rafrænar lausnir nýttar enn frekar.
- Leiðbeiningar eru of flóknar, það er hægt að túlka þær í allar áttir, þær þurfa að vera einfaldari. Hlýðniphyrta mun aukast og það verður meira átak að halda þessu til streitu til lengdar.
- Ljóst að leiðbeiningar munu breyta persónulegum umgengnisháttum og draga úr félagslegum samskiptum, ferðalögum og hugsanlega sókn í veitingastaði og krár.

- Við höfum tekið þetta alla leið og oft lengra. Óbreyttar reglur hafa ekki mikil áhrif á kjarnareksturinn en við gætum mögulega verið að sjá tafir í framkvæmdum og viðhaldi ef við förum að sjá fram á meiri veikindi.
- Aðgerðir geta leitt til skertrar starfsemi ef mótvægisáðgerðir eru ekki viðhafðar sbr. svar við spurningu 1. sem getur leitt til uppsafnaðs vanda - lögregla dregur úr t.d. umferðargæslu sem getur leitt til aukins hraðaksturs og aukinna dauðsfalla. Rannsóknir mála dragast.
- Aðgerðir geta leitt til skertrar starfsemi ef mótvægisáðgerða er ekki gætt – en getur leitt til þess að afhendingaröryggi raforku og fjarskipti skerðist - sem hefur í för með sér heilmikla röskun á atvinnulífi, heilbrigðiskerfi og samfélagi og öllum mikilvægum þáttum samfélagsins.

3.6 Velferð

- Einangrun og óvissa veldur kvíða og óöryggi sem gerir engum gott og þá sérstaklega ekki viðkvæmum hópum. Það er ljóst að þær aðgerðir sem gripið var til munu hafa áhrif á geðheilsu þjóðarinnar og reyndar heimsbyggðarinnar allrar um ókomna framtíð. Inngripið og efnahagslegar afleiðingar þess eru án fordæma. Vísbendingar eru nú þegar um álag á þjónustuveitendur, bæði opinberra og félagasamtaka.
- Jákvætt fyrir félagsþjónustu: Stafræn stjórnsýsla flýtir fyrir því að samskipti vegna umsókna og slíkt verði á stafrænu formi, samskipti eru gagnvirk og notendur hafi aðgang að skjölum sem þá varðar.
- Neikvætt fyrir félagsþjónustu: Aukning í fjárhagsaðstoð vegna mikils atvinnuleysis, takmarkanir á heimsóknum á heimilum, aukinn einmanaleiki og hólfaskipting í þjónustu vegna fjöldatakmarkana í hverju rými.
- Einangrun, kvíði, sálrænar afleiðingar félagslegrar einangrunar eykst hjá þeim einstaklingum sem heilsu sinnar vegna þurfa að einangra sig þar er stór hópur langveikt fólks og fólks með undirliggjandi sjúkdóma. Óvissa um framhaldið, með hvaða hætti það verður, skapar kvíða og depurð. Afkomuótti. Fjárhagserfiðleikar aukast þar sem bæði fatlað og ófatlað fólk verður að vera í verndarsóttkví vegna nákomins ættingja (t.d. barn, maki, foreldri) sem er í lífshættu ef viðkomandi veikist.
- Fólk á hjúkrunarheimilum missir dýrmæt tengsl við ástvini.
- Félagasamtök sem treyst hafa á ákveðnar fjáraflanir eiga nú í erfiðleikum þar sem allar fjáraflanir sem krefjast margmennis hafa verið flautaðar af.
- Fatlaðir einstaklingar missa vinnuna frekar en ófatlaðir einstaklingar.
- Ef ekkert er að gert er hætta á einangrun, útilokun og skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti fólks með þroskahömlun.
- Það sem myndi trufla mest væri að fá smit og við þurfum að gera allt til að koma í veg fyrir það og á sama tíma að reyna að normalisera ástandið. Tryggja þarf aðgengi að sóttvarnarhúsi fyrir íbúa herbergjasambýla sem gætu þurft að fara í sóttkví eða einangrun. Við náum að sinna vel þeim sem búa í íbúðakjöllum, það er hægt að sinna því fólki í einangrun á eigin heimili en það krefst mikillar útsjónarsemi, auka mönnun því það þarf að hafa sér starfsmannahóp til að sinna smituðum einstaklingum sem mega ekki deila starfsmannaaðstöðu með öðrum starfsmönnum. Gott aðgengi að Covid-19 göngudeildinni og heilbrigðisstarfsfólki er nauðsynlegt. Við höfum farið í gegnum þetta ferli og þetta er hægt ef samvinna aðila er góð en þetta kostar.

- Ráðgjöf til notenda velferðarsviða þarf að taka mið af ástandinu og auka þarf rafræna ráðgjöf. Atvinnuleysisstigið hefur líka mikil áhrif á velferðarþjónustuna og fjárhagsaðstoð hefur verið að aukast í Reykjavík. Rafræna ráðgjöf þarf að stórefla til að tryggja aðgengi fólks að sérfræðingum í velferðarþjónustu. Huga þarf sérstaklega að innflytjendum í þessu sambandi, tryggja leiðir fyrir þennan hóp til að fá stuðning og ráðgjöf.
- Mannauðurinn – hvernig á að tækla almenn veikindi/Covid-19 og þreytu í stjórnendum og starfsfólki auk hlýðniþreytu sem virðist einkenna yngra fólkið.
- Það mun auka á einmanaleika og einangrun, ef fólk getur ekki náð að hitta annað fólk. Margir af okkar félagsmönnum búa einir eða vel yfir 9.000 manns. Það fólk þarf mjög á því að halda að komast út og taka þátt í frekari samveru við annað fólk.

4. Hvaða mótvægisáðgerðir gætu komið að sem mestu gagni til að draga úr áhrifum sóttvarnaáðgerða á viðkomandi sviði?

4.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta

- Mótvægisáðgerðir sem miða að því að tryggja gæði og aðgengi að almennri heilbrigðisþjónustu á tímum Covid-19.
- Nú hefur heilbrigðiskerfið ásamt Íslenskri erfðagreiningu séð um skimanir, eftirlit með smituðum, meðferð smitaðra allt samhliða almennri heilbrigðisþjónustu.
- Reyna með öruggum hætti að skilja á milli almennrar heilbrigðisþjónustu og skimunar.
- Sóttvarnaáðgerðir: Skimun, meðferð og eftirfylgni eru bæði mannaflafrekar og kostnaðarsamar áðgerðir. Taka þarf tillit til þess og tryggja fjármagn til málaflokksins bæði vegna aukins kostnaðar og lægri sértekna.
- Nýsköpun, t.d. efla með markvissum hætti fjarheilbrigðisþjónustu.
- Öflugt skipulag og markviss forgangsöröðun.

4.2 Menning, íþróttir og dægradvöl

- Einhvers konar sjóður/fjárhagsstuðningur sem listamenn og aðrir lausráðnir í hinum skapandi geira geta sótt í til að komast í gegnum versta hjallann.
- Fjárhagsaðstoð til íþróttafélaga sem hafa reitt sig á stórmót o.p.h. til að afla tekna.
- Einhverskonar atvinnuleysisbætur eða styrkir til að bæta upp launaleysi, því okkur er bannað að vinna. Sambærilegar endurgreiðslur er kvikmyndaframleiðsla nýtur, vegna útlagðs kostnaðar við tónleikahald.
- Undanþága frá 2 metra reglunni og fjarlægðartakmörkunum.
- Stuðningur yfirvalda við íþróttahreyfinguna í formi fjárstyrkja hefur verið afar vel þeginn en tap og tekjufall hreyfingarinnar á Covid-19- tímum er gríðarlega mikið og sér hvergi nærri fyrir endann á því. Það þarf því meira til.
- Stuðningur ríkisins og sveitarfélaga mun hafa úrslitaáhrif á það hvernig íþróttahreyfingunni mun reiða af næstu mánuði og jafnvel ár.
- Allar mótvægisáðgerðir, hversu smáar sem þær eru, skipta máli fyrir hreyfinguna.
- Hlutabótaleiðin nýttist hreyfingunni illa þar sem verktakar voru ekki inni í þeirri áðgerð og hefði verið gagnlegt fyrir íþróttahreyfinguna ef sú leið hefði verið greiðari og aðgengileg fyrir það rekstrarform sem algengast er í hreyfingunni.
- Skoða þarf kerfið varðandi skimanir og koma upp góðu fyrirkomulagi sem einfalda og hraða ferlum, t.d. þegar íslenskt íþróttafólk ferðast á milli landa til þátttöku í alþjóðlegum mótum.

- Mjög mikilvægt er að yfirvöld og íþróttahreyfingin séu í nánun og góðu samstarfi svo að skilningur haldist á milli aðila og að upplýsingaflæði sé öruggt og skjótt.

4.3 Menntun

- Miðlun á reglum og fyrirkomulagi verður að vera skýr.
- Það er óraunhæft að ætlast til sömu afkastagetu við núverandi aðstæður, það er aukið álag á flestum vegna veikinda sinna eða nákominna, tekju- eða atvinnumissi, námsleiðir verða að taka breytingum til að auka ekki óþarflega álag, þess í stað skal auka sveigjanleika í námi.
- Huga þarf að möguleikum fyrir stúdenta til að bæta upp fyrir þá hluta námsins sem þau eru að missa af núna, til að mynda verknám og skiptinám. Þó að leggja eigi kapp á að nám haldist sem eðlilegast þrátt fyrir takmarkanir, þá gæti hentað einhverjum að fá að fara í skiptinám og starfsnám til viðbótar þegar takmörkunum hefur verið aflétt.
- Búa þarf til örugga vinnuaðstöðu fyrir fólk sem hefur ekki kost á því að læra heima hjá sér (sinnir umönnun fjölskyldumeðlima eða barna heima, takmarkaður húsakostur).
- Huga þarf að félagslífi ungs fólks, sem hefur verið takmarkað mjög vegna samkomubanna og -takmarkana síðan í vor. Ungt fólk reiðir sig mismikið á nærsamfélag sitt og með mismunandi hætti, en þessi félagslegi þáttur er gríðarlega mikilvægur í námi ungs fólks. Allar aðgerðir sem hjálpa ungu fólki að viðhalda og efla sín félagsleg tengsl væru af hinu góða. Mikilvægast er að hafa fjölbreytta möguleika til að skapa viðeigandi tækifæri fyrir alla. Mér hefur t.d. þótt mjög áhugavert það sem er verið að gera tilraunir með í sumum skólum í Bandaríkjunum nú í haust, sem er að fá nemendur í skólabyggingar en ekki kennara. Þannig er reynt að nýta rýmið sem skólabyggingar bjóða upp á til að nemendur fái að njóta félagslegrar nándar með samnemendum í kunnuglegu umhverfi.
- Annað er að tryggja kennurum aðgengi að ráðgjöf og aðstoð vegna fjar- og rafrænnar kennslu. Bryan Alexander, bandarískur framtíðar- og menntunarfræðingur, hefur sagt að háskólar og framhaldsskólar hafi í vor tekið upp það sem hann kallar "toggle teaching", þ.e. að skipt er á staðkennslu og fjar-/rafrænni kennslu eins og verið sé að slökkva og kveikja á ljósi. Vandinn með þetta fyrirkomulag (sem var í flestum tilvikum óhjákvæmilegt í vor) er að það er ekki hugað að því að hvaða leyti fjar-/rafræna kennsla er frábregðin staðkennsla, heldur er einfaldlega leitað leiða til að flytja staðkennsluna á rafræna miðla, helst með sem minnstum breytingum. Skv. því sem maður hefur heyrt var þessi farin hjá mörgum framhaldsskóla- og háskólakennurum í vor og, því miður, virðist það ætla að endurtaka sig að einhverju leyti í haust. Fjar-/rafræna kennsla þarf að undirbúa vandlega og huga sérstaklega að því að skapa þá félagslegu og samskiptalegu nánd sem okkur finnst gjarnan koma að sjálfu sér þegar kennarar og nemendur eru í sama rými. Það reynist mörgum hægara sagt en gert enda byggt á hærni og þekkingu sem hefur til þessa ekki verið lögð mikil áhersla á í menntun, þjálfun og fræðslu þeirra sem koma að kennslu.
- Hef ekki trú á að hægt sé að halda úti framhaldsskólum á venjulegum forsendum meðan hættulegur vírus er til staðar.
 - Fjármagn til að efla stuðning við nemendur og kennara.
 - Mjög virk og skýr upplýsingamiðlun.
 - Aukið og hnitmiðaðra samtal við stjórnsýslunnar (líka út frá forsendum þeirra sem passa ekki inn í almenn módel) til að tryggja samtakamátt þvert á stofnanir - stuðlar að trúverðugleika aðgerða.
 - Áhersla á aðra mikilvæga þætti en Covid-19 til að styrkja fólk, auka traust og lífsleikni.

4.4 Atvinnulíf

- Framtíðarsýn og leiðarljós.
- Forvarnir.
- Væntingastjórnun.
- Lista upp kostina við breytingar.
- Gera fólki grein fyrir að það er hluti af þróuninni.
- Tryggja að fyrirtæki og hópar á sviðinu upplifi virði og tilgang.
 - „Hvað verður um mig?“
 - „Er verið að gera mig óþarfa/n?“
- Samtal og kanna hvað fólk er að gera (með könnun, rýnihópum, fundum o.s.frv.).
- Finnst fólki þeirra framlag eða vinna þeirra hafa tilgang.
- Búa til sýn og tengja fólk sem er tilbúið og geta verið fótgönguliðar nýrra tíma.
- Í hnotskurn mætti segja að viðbrögðin þurfi að felast í því að ríkisvaldið haldi uppi eftirspurn í hagkerfinu á samdráttartímum. Þessi kreppa er ólík fyrri kreppum að því leyti að heilsa hagkerfisins, þ.e. framleiðslutækjanna, er góð. Vandamálin framundan liggja aðallega á eftirspurnarhliðinni og verkefni hagstjórnaraðila því að draga úr dýpt kreppunnar með aðgerðum til að örva eftirspurn. Ríkissjóður er vel fær um það. Skuldastaðan er góð og mögulegt að fjármagna stórsókn í atvinnumálum. Nú er rétti tíminn til að móta metnaðarfulla fjárfestingaráætlun um uppbyggingu innviða, menntun og nýsköpun – uppstokkun í takt við nýja tíma. Það þýðir að ríkissjóður verður rekinn með halla í einhvern tíma, mögulega nokkur ár. Hinn kosturinn er allsherjar samdráttur í efnahagslífinu sem gæti tekið samfélagið mörg ár að vinna sig upp úr.
- Uppbygging innviða, m.a. opinbers heilbrigðiskerfis, er ekki síður mikilvæg við þessar aðstæður. Sjaldan hefur gildi góðs heilbrigðiskerfis sem allir hafa jafnan aðgang að verið eins augljóst og á síðustu mánuðum. Leggja þarf höfuðáherslu á eflingu heilsugæslunnar – fyrsta viðkomustaðarins í heilbrigðiskerfinu.

4.5 Almannaöryggi

- Tryggja þarf að á hverjum tíma séu nægjanlegar birgðir af viðeigandi hlífðarbúnaði, þ.e. hanskar, grímur og spritt fyrir lögreglu.
- Að til sé viðunandi aðstaða, þ.m.t. einangrunaraðstaða á lögreglustöðvum vegna einstaklinga sem hugsanlega hafa smitast.
- Sóttthreinsun fangaklefa og ökutækja.
- Rétt upplýsingamiðlun er mjög mikilvæg.
- Skilgreina betur valdheimildir stjórnvalda við sérstakar neyðaraðstæður þar sem virkni mikilvægra innviða er stefnt í hættu í því skyni að tryggja nauðsynlega starfsemi samfélagsins.
- Að hér séu viðeigandi birgðir – tryggja nauðsynleg aðföng.
- Að til séu áætlanir um órofinn rekstur eða rekstrarsamfellu.
- Enn frekari áhersla á rafrænar lausnir. Lagabreytingar til að styðja við rafræna málsmeðferð.

- Fjarvinna og fjarfundir.
- Að kenna fólki að gæta sín sjálft og þá þannig að hver beri ábyrgð á sér sjálfur, fólk sem er í viðkvæmri stöðu forðist mannamót. En að sjálfsögðu myndi bóluefni og bólusetningar gagnast best.
- Hreinlæti, handþvottur, sprittun og eftir atvikum grímunotkun við sérstakar aðstæður.
- Sé engar sérstakar innan embættisins en mögulega mætti auka slagkraft HSA til skimunar. Þannig væri landshlutinn bæði upplýstari um raunverulegar aðstæður og möguleikinn rýmri og betri til að grípa fyrir inn í ef smit kemur upp.
- Það er mikilvægt að við sem erum skilgreind sem lykilinnviðir höfum greiðan aðgang í að koma fólki í skimun hratt og örugglega ef upp kemur grunur um smit.
- Veita almenningi stofnunum og félagasamtökum stuðning við og hvetja til að þróa sjálfbærar aðferðir við að lifa eðlilegu lífi um leið og tekið er tillit til sóttvarnaáðstafana.
- Nokkurs konar upplýsinga- og leiðbeiningastöð fyrir almenning og fyrirtæki þar sem unnt er að leita ráða um að gera hluti eða haga starfsemi þannig að það samræmist sóttvarnamarkmiðum. Símanúmer.
- Öll starfsemi sem telst til mikilvægra innviða eiga að hafa sett sér neyðaráætlanir í samræmi við almannavarnalög.

4.6 Velferð

- 1 metra regla og mjög mikilvægt að til staðar sé greiður aðgangur að sóttvarnarhúsi fyrir einstaklinga í búsetunni, það skiptir öllu að geta brugðist hratt og örugglega við, til að koma í veg fyrir óöryggi og útbreiðslu.
- Varnarsóttkví og sóttkví skipta máli og að tryggja rétta mönnum.
- Við þurfum að hafa greiðan aðgang að starfsfólki komi eitthvað upp á / bakvarðasveit.
- Efla heimaþjónustu og fjargeðheilbrigðisþjónustu. Það er flestum mikilvægt að vera í félagslegum samskiptum við aðra einstaklinga. Heimsóknir til einstaklinga sem búa við einangrun geta haft mikið að segja. Auðvitað er sálfræðiþjónusta góðra gjalda verð en ætti ekki að vera í efsta sæti forgangslista þegar kemur að mótvægisáðgerðum. Setjum áhersluna á að rjúfa einangrun þeirra sem eru nú á jaðrinum.
- Mótvægisáðgerðir geta verið rafræn stjórnsýsla, velferðartækni, fjarfundir, fjarheilbrigðisþjónusta, nýta Köru connect við veitingu sérfræðiþjónustu í skóla- og félagsþjónustu.
- Reglulegar símhringingar til viðkvæmra hópa, s.s. eldri borgara, fatlaðs fólks og fólks með geðræna erfiðleika.
- Auka ráðstöfunartekjur fatlaðs og langveiks fólks, þannig að það hafi möguleika á að kaupa í matinn en sé ekki nauðbeygt til að treysta á hjálparsamtök.
- Fjölga NPA samningum, auka heimaþjónustu, mæta þeim einstaklingum sem einangrast heima með samskiptaþjónustu, s.s. í gegnum síma, tölvu eða heimsókn.
- Fötluðum börnum og ungmennum verði skilyrðislaust mætt þannig að ef þau eru heima þá fái þau sjúkrakennslu og fjölskyldur þessara einstaklinga fái þá aðstoð sem þær þurfa. Mikilvægt að fjölskyldur missi ekki tekjur vegna aukinnar umönnunar og verndarsóttkvíar.
- Tryggja fötluðu fólki aðgengi að hlífðarbúnaði, grímum og spritti. Sumir hafa ekki efni á þessu og aðrir ekki tækifæri til að nálgast búnaðinn eða kunna að nota sóttvarnir.

- Tryggja að fötluðu fólki sé ekki mismunað varðandi atvinnu eða annað.
- Leggja þarf talsverða fjármuni í sáluhjálp og félagslegan stuðning.
- Strangt ut anumhald um hreinlæti, skimanir og slíkt á stofnunum.
- Að nota jákvæða mismunun til að tryggja lífsgæði þeirra sem eru í mestri hættu á einangrun.
- Þeir sem standa höllum fæti; eru einmana, kvíðnir, óöruggir. Eiga lítið sem ekkert tengslanet. Það er fólkið sem hverfur inn til sín og fer jafnvel of lítið út meðal fólks eða í góðan göngutúr. Þetta er fólk sem kann ekki né veit hvernig á að höndla þennan nýja smitheim sem það býr í.

5. Hvaða hópar líða mest fyrir skerta starfsemi á viðkomandi sviði?

5.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta

- Flestir sem þurfa að sækja þjónustu heilbrigðiskerfisins finna fyrir auknum sóttvörnum sem og breytingum á þjónustu.
- Íbúar hjúkrunarheimila eru sérstaklega viðkvæmir, vanda þarf vel til verka varðandi skerðingu á frelsi íbúa þeirra. Mikilvægt að hafa samráð við íbúa við gerð slíkra leiðbeininga.
- Heilbrigðisþjónustu hefur verið forgangsraðað eftir bráðleika og margt látið bíða sem auðvitað hefur áhrif á þann sem bíður.
- Þeir sem bíða eftir valaðgerðum gætu þurft að bíða lengur með tilheyrandi skerðingu á lífsgæðum og oft kostnaði fyrir samfélagið.
- Erfitt er að halda uppi eftirliti og meðferð einstaklinga með langvinnan heilsutengdan vanda.

5.2 Menning, íþróttir og dægradvöl

- Lausráðnir listamenn, þ.e. leikarar, dansarar, tónlistarmenn og aðrir í hinum skapandi geira sem reiða sig á miðasölutekjur og „gigg“ (árshátíði o.þ.h.) missa nánast algerlega lífibrauðið.
- Áhorfendur sem fá ekki notið stærri listviðburða eða fjölbreyttra list- og íþróttaviðburða.
- Eldri/fullorðnir flokkar íþróttar, meistaraflokkar sem ekki hafa rýmri sóttvarnareglur.
- Menningarstofnanir sem verða fyrir miklu tekjutapi ef hætta þarf við stærri viðburði.
- Starfsfólk menningarstofnanna sem verður hugsanlega sagt upp ef starfsemi stofnanna dregst saman.
- Sjálfstætt starfandi tónlistarfólk.
- Allir sem hafa áhuga á listdansi og sviðlistum.
- Fjölmennustu hópar iðkenda í íþróttum eru börn og ungmenni en í ljósi þess að sóttvarnareglur hafa verið rýmri fyrir þá aldurshópa þá hefur umhverfi meistaraflokka í íþróttum, þ.e. iðkun fullorðinna, farið verst út úr þessu tímabili, ekki síst fjárhagslega.
- Þurft hefur að aflýsa deildarkeppnum og mótum, stórum viðburðum sem hafa verið uppistaðan í rekstri viðkomandi félaga og allt mótahald í meistaraflokkum hefur verið gloppótt og erfitt.
- Tekjufall er gríðarlegt, í formi styrkja frá samstarfsaðilum, innkomu og þátttökugjöldum o.s.frv. á meðan kostnaðarliðir – t.d. launakostnaður – er enn til staðar í hverjum mánuði.

5.3 Menntun

- Augljóslega fólk í áhættuhópi hvað varðar heilsufar.
- Fólk sem á erfitt með að stunda fjarnám sökum.
 - Skorts á vinnuaðstöðu eða tölvubúnaði.

- Námsörðugleika
- Geðheilbrigðisástandum.
- Fólki sem hefur orðið fyrir tekjumissi og hefur ekki efni á námi/hefur ekki efni á því að vinna ekki með skóla.
- Þeir sem síst skyldu. Nemendur í brottfallshættu, nemendur með veikt bakland, nemendur með námserfiðleika, starfsbrautarnemendur. Starfsmenn sem eru viðkvæmir fyrir og þola þetta ástand afar illa.
- Nemendur fyrst og fremst.
- Kennarar eru undir álagi við að mæta þörfum nemenda og vegna skertrar starfsemi.
- Fagsamfélagið sem ekki nýtur styrks eða samlegðar af skólastarfinu.
- Í menntun held ég að það sé bersýnilega þeir sem nýta sér hvers kyns sérþjónustu eða aðstoð við nám, eða eiga á hættu að einangrast félagslega, sem samkomutakmarkanir bitna mest á. Þá er ég ekki bara að tala um þá nemendur sem hafa formlegar greiningar o.þ.h. heldur eru líka nemendur sem reiða sig mikið á félag og félagsleg samskipti í tengslum við námið sitt. T.d. eru sumir sem læra best í hóp, sumir þurfa að ræða námsefni við aðra til að ná utan um það, sumir styðja sig við félag á sviðum þar sem þeir eru veikir. o.s.frv. Ég held að þessi síðari hópur sé sérstaklega í mikilli hættu vegna þess að hans veikleikar eru ekki mjög sýnilegir.

5.4 Atvinnulíf

- Forystufólk stéttarfélaga heilbrigðisstarfsfólks innan BHM er afdráttarlaust í þeim tilmælum sínum að fjölga þurfi úrræðum á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar og tryggja þverfaglega þjónustu í heilsugæslu og félagsþjónustu. Svokölluð lágþröskuldþjónusta þarf að vera aðgengileg öllum. Hún hefur forvarnagildi og sparar fjárhæðir á öðru og þriðja stigi heilbrigðisþjónustunnar. Margir þurfa aðstoð við að draga úr kvíða og þunglyndi sem getur aukist við óvissuna í samfélaginu. Bæta þarf aðgengi að félagsráðgjöfum, sálfræðingum og iðjuþjálfum hjá heilsugæslunni.
- Margs konar þjónusta á undir högg að sækja í farsóttinni. Þroskaþjálfar telja brýnt að staða fatlaðra einstaklinga í framhaldsskóla sem flestir geta ekki nýtt sér fjarnám verði skoðuð sérstaklega og hvernig betur megi koma til móts við þeirra þarfir.
- Velferðarvakt félagsmálaráðuneytisins hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að koma auga á brotalamir í félagsþjónustu og benda á leiðir til úrbóta en ljóst er að lífsgæði fatlaðs fólks, langveikra og aldraðra hafa rýrnað í faraldrinum. Þá er ástæða til að styrkja til muna áfallamiðaða þjónustu á heilsugæslunni næstu árin en nú þegar má sjá aukningu í mati til örorku og í aðsókn í þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.
- Veita þarf rétta heilbrigðisþjónustu, á réttum stað, með réttum hætti, eins og segir í stefnumörkun. Leiðarljós samfélagsins hljóta að vera öflugar forvarnir og endurhæfing.

5.5 Almannaöryggi

- Aldraðir, fatlaðir, jaðarhópar og nemendur.

- Einstaklingar sem leita réttar síns fyrir dómstólum líða fyrir lengri málsmeðferðartíma þar sem dómsúrlausn dregst. Reynt er af fremsta megni að vinna úr sakamálum og nýta rafrænar lausnir til að ákærumál teyfjast ekki.
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna: Erfiðara er að koma við fræðslu og þjálfun starfsmanna, t.d. dómvarða (öryggisvarða). Fjarfundakerfi koma ekki að sama gagni og þegar kennari er með hópi starfsmanna sem skiptist á spurningum og svörum. Öryggisnámskeið þar sem þarf að snertast líður fyrir skerta starfsemi.
- Áhyggjur af þeim sem minna mega sín, s.s. félagslega einangraðir einstaklingar og einstaklingar í ofbeldissamböndum.
- Eldra fólk á hjúkrunarheimilum og á sjúkrahúsum er nánast í þeirri stöðu að vera einangrað og meinað að hitta nema örfáa ættingja og þá aðeins einn í einu. Þarna verður til félagsleg einangrun sem kemur hart niður á eldra fólki sem vill vera í samskiptum við ættingja og vini. Börn og barnabörn eru skilin frá foreldrum og afa og ömmu.
- Einnig hafa skólar litið fyrir samkomubann, þ.e.a.s. nemendur fyrst og fremst.
- Almenn löggæsla, útkallsliðið, hefur sannarlega fundið mest fyrir álagi og þurft að takast á við fleiri áskoranir en aðrir í sinni vinnu.
- Til lengri tíma litið gætu raforkunotendur orðið fyrir skertu afhendingaröryggi ef framkvæmdir og viðhald koma til með að teyfjast.

5.6 Velferð

- Viðkvæmir fatlaðir íbúar í sólarhringsþjónustu og aldraðir íbúar, innflytjendur með lítið stuðningsnet sem þurfa ráðgjöf og stuðning. Heimilislaust fólk. Ef dagþjónusta lokar þá er þetta fólk bundið heima með tilheyrandi erfiðleikum og einangrun fyrir þau og umönnunaraðila /aðstandendur.
- Öryrkjar og aldrað fólk í heimahúsum sem hafa einangrast vegna Covid-19. Farsóttir auka ójöfnuð.
- Eldra fólk og aðrir sem búa einir og geta ekki nýtt sér stafrænar lausnir.
- Viðkvæmir hópar sem búa einir með lélegt eða ekkert tengslanet. Margir hafa síðan búið við skerta þjónustu vegna ástandsins. Þjónustumiðstöðvar lokuðu í vor vegna verkfalla og Covid-19 og margir sem þangað sóttu bjuggu við algjöra einangrun á meðan.
- Börn sem stóðu ekki sterkt í skólakerfinu bæði námslega og félagslega líða einnig fyrir þetta ástand.
- Tölur um aukið heimilisofbeldi virðast alls staðar fylgja faraldrinum.
- Fatlað fólk, börn með fötlun og sérþarfir, aldraðir, fólk með geðraskanir.
- Fatlað fólk með undirliggjandi sjúkdóma, langveikt fólk sem þarf að einangra sig s.s. lungna- og hjartasjúklingar.
- Fötluð börn og ungmenni sem verða að vera í rútínu (skólastarf í föstum skorðum) vegna geðræns vanda og ýmissa raskana.
- Fólk með sál- og geðrænan vanda (meiri hætta á að einangra sig).
- Fatlað fólk með lítið eða ekkert tengslanet.
- Eldri borgarar.

- Þeir sem búa á stofnunum og sambýlum eru í mestri hættu á að líða fyrir skerta starfsemi og hertar sóttvarnaaðgerðir. Hér er um að ræða fólk sem býr með öðru óskyldu fólki sem það hefur ekki valið að búa með og er sett undir reglur sem eiga að ganga yfir alla á heimilinu og hafa ekkert um það að segja t.d. hvort þeir fara í sjálfskipaða sóttkví eða ekki. Mikilvægt er að hafa í huga að þrátt fyrir að margt fatlað fólk sé með undirliggjandi sjúkdóma og í áhættu hópi þá eru líka margir sem eru fullfrískir og eiga að hafa val um það t.d. hverjir fá að koma í heimsókn, hvort þeir fara í vinnu eða skóla o.s.frv. Sjálfsákvörðunarréttur einstaklingsins er mikilvægur og þeir sem búa á eigin heimili t.d. í búsetukjarna eiga að fá að ákveða sjálfir hvernig heimsóknum og öðru er háttað heima hjá þeim á sama tíma og það verður að tryggja að þeir fái upplýsingar á því formi að þeir getir skilið þær og geti tekið ákvörðun í samræmi við það með viðeigandi aðstoð. Ef þetta er ekki hægt er mikilvægt að tryggja aðkomu aðstandenda að ákvörðunartökunni.
- Þeir sem standa höllum fæti; eru einmana, kvíðnir, óöruggir. Eiga lítið sem ekkert tengslanet. Það er fólkið sem hverfur inn til sín og fer jafnvel of lítið út meðal fólks eða í góðan göngutúr. Þetta er fólk sem kann ekki né veit hvernig á að höndla þennan nýja smitheim sem það býr í.

6. Geturðu nefnt eitthvert eitt atriði sem þú telur skipta mestu máli fyrir samfélagið á tímum kórónaveirunnar?

6.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta

- Efnahagslegur bati skiptir miklu máli þannig að fjármögnun lykilstoða samfélagsins sé tryggð.
- Upplýsingagjöf og skýr fyrirmæli.
- Nýsköpun.
- Ná að halda faraldrinum í skefjum með árangursríkum reglum og sýkingavörnum.

6.2 Menning, íþróttir og dægradvöl

- Samstaða.
- Ábyrgð.
- Heilsa.
- Tillitssemi.
- Á erfiðum tímum sameinast fólk í menningararfinum. Og tónlistin er einn af stóru þáttunum, hún er sefandi, gefandi, allt umvefjandi og huggar samfélagið.
- Heilsan er í forgrunni og rannsóknir sýna glöggð að það skiptir öllu máli, bæði fyrir andlega og líkamlega líðan fólks á erfiðum tímum, að stunda hreyfingu og huga að andlegum og líkamlegum þáttum. Þjappa fjölskyldunni saman og fá útrás fyrir vanlíðan og áhyggjur með heilbrigðum hætti.
- Ástundun íþrótta er lykilþáttur í fjölskyldulífi flestra Íslendinga og við teljum mikilvægara en nokkru sinni að halda starfsemi íþróttahreyfingarinnar í sem óbreyttustu mynd sem mögulegt er með hliðsjón af þeirri vá sem yfir okkur vofir.
- Verum sterk, verum hraust, verum virk!

6.3 Menntun

- Það er erfitt að nefna eitthvað eitt sem skiptir mestu máli fyrir samfélagið á svona miklum óvissutímum. Þarfirnar breytast ört í takt við þróun mála. En ég held að almennt þurfi samfélagið á jákvæðri og eftirsóknarverðri framtíðarsýn að halda sem hjálpar fólki að sjá tilgang í því sem það er að ganga í gegnum. T.d. í tengslum við menntun þá er mjög margt jákvætt og áhugavert að eiga sér stað sem gæti leitt til mikilla framfara á sviðinu til framtíðar: aukinn sveigjanleiki í námi, betri nýting tækni, betri þekking á þörfum nemenda, o.s.frv. Maður óttast að allt fari aftur í fyrra horf eftir að allt er yfirlengið vegna þess að flestir voru bara að reyna að komast í gegnum þetta frekar en að nýta tækifærið til þess að skapa eitthvað betra til lengri tíma.
- Að unnið sé saman að lausnum, að gætt sé að sóttvörnum en að samfélagið sé búið undir mögulegum afleiðingum sóttvarnareglna hvað varðar líðan, efnahag

- Ná tökum á útbreiðslu veirunnar í samfélaginu. Við þurfum að beita allra leiða til að koma á eðlilegu lífi innanlands.
- Forgangsroðun, sem skapar stöðugleika í samfélaginu, í góðu samtali og samráði þannig að menntun fari ekki forgörðum, enda skiptir hún höfuðmáli fyrir framtíð barna, ungmenna og ungs fólks - framtíð samfélagsins.

6.4 Atvinnulíf

- Að öllu samanlögðu verður ímynd Íslands að vera jákvæð og umtalið gott.
- Lykilfólk verður alltaf að vera um borð.
- Hætta að tala um það sem við viljum ekki eða viljum minna af.
- Tala frekar um það sem við viljum meira af (mótmælaganga verði meðmælaganga).
- Tölum um allt sem er hægt að gera.
- Tölum breytingar upp, ræðum alla fermetrana sem við höfum hér á landi. Stórt land fámenn þjóð.
- Vindum okkur strax í fjórðu iðnbyltinguna með stæl – sjálfvirknivæðingu, ná Heimsmarkmiðunum eins og þau leggja sig, nýsköpun, borgaralaun?
- Setja okkur markmið um að vera sannar jafnréttisstjórnur sem önnur lönd miða sig við.
- Nýsköpun en ekki nýsköðun!
- Að finna tilgang og upplifa tengsl og að tilheyrja.
- Finna slaka til að geta sinnt fjölskyldu og tryggt öryggi þeirra.
- Geðheilbrigði, heilsuefling og forvarnir.
- Skilaboð frá stjórnvöldum um útfærslu og tilgang sóttvarnaaðgerða verða að vera skýr og aðgengileg öllum. Sterkar fyrirmyndir á vettvangi stjórn mála og atvinnulífs eru nauðsynlegar. Gæta þarf að sanngirni og tryggja afkomuöryggi launafólks og fólks í atvinnuleit. Gleymum því ekki að góð heilsa er samsett úr líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu. Það þarf alltaf að hafa í huga við ákvarðanatöku. Rannsóknir sýna að þátttaka í menningu og íþróttum hefur líka jákvæð áhrif á heilsu fólks.

6.5 Almannaöryggi

- Að tryggja heilsufar þjóðarinnar á þann hátt að daglegur rekstur samfélagsins rofni sem minnst.
- Skýr skilaboð heilbrigðisfyrivalda um hvaða reglur skuli gilda í samfélaginu.
- Einföld og markviss upplýsingagjöf með einföldum reglum, sem minnst af túlkunum og frávikum.
- Þolinmæði og virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Vonandi heldur aukið hreinlæti velli á næstunni.
- Gæta þarf að því að ferðafrelsi fólks skerðist eins lítið og mögulegt er.
- Hertar reglur eins og þær sem taka gildi á morgun, hygg ég til mikilla bóta enda beinast þær ekki síður að heimamönnum sem virðast smita hvað mest.
- Að það sé rafmagn. Þurfum að halda innviðunum gangandi og huga vel að fólkinu okkar.
- Réttar upplýsingar stjórnvalda og traust á stjórnvöldum sem er algjör forsenda þess að aðgerðir skili árangri.

6.6 Velferð

- Upplýsingagjöf við hæfi ólíkra samfélagshópa, samstaða og samvinna, skýrar leiðbeiningar og tilmæli frá yfirvöldum. Þróun velferðartækni og nýjar leiðir í ráðgjöf og þjónustu. Óvissa veldur skaða.
- Leggja höfuðáherslu á að halda sem flestu opnu. Heimsóknabann, sundlaugalokanir, lokun úrræða, sundlauga, þjónustumiðstöðva og hvers konar félagsstarfs hefur gríðarlega víðtæk áhrif á geðheilsu margra. Ekki setja fókus á efnahagslega hluti – geðheilsa er undirstaða samfélagsins.
- Samstaða og jákvæðni. Góðar fyrirmyndir.
- Mikilvægt að halda sem flestu opnu og gangandi. Dagvistanir, þjónustumiðstöðvar, félagsstarfsemi, atvinnuúrræði, skóla, sundlaugar, endurhæfingarstarfsemi/sjúkraþjálfun svo eitthvað sé nefnt.
- Ef mögulegt er að setja ekki heimsóknarbann heldur hafa einhverja tilslökun þótt hún sé takmarkandi.
- Það skiptir miklu máli að sú þjónusta sem fatlað fólk á rétt á samkvæmt lögum verði aðlöguð að þeim aðstæðum sem skapast vegna sóttvarnareglna á hverjum tíma. Við erum að tala um afar berskjaldaðan hóp sem er í mikilli hættu á einangrun og að fara á mis við menntun og önnur sjálfsögð lífgæði sem ófatlað fólk getur t.a.m. nýtt sér með fjarþjónustu/kennslu.
- Auk þess er mikilvægt réttlætismál að réttindi og lífsgæði foreldra fatlaðra og langveikra barna sem þurfa að vera frá vinnu og sinna aukinni umönnun vegna skorts á þjónustu fyrir börnin sín hvort sem þau eru enn á barnsaldri eða orðin fullorðin séu tryggð með öllum mögulegum ráðum.
- Samkennd og að fólk standi saman um að klára þetta með sóma. Virðing og hjálpsemi er mikilvæg. Efling sjálfbóðaliða s.s. til að hringja í einmana fólk, mynda tengslanet fyrir þá sem eru einir á báti.

7. Annað sem þú vilt taka fram?

7.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta

- Almennt hefur upplýsingagjöf, gott samstarf og samráð lykilaðila skilað þeim árangri sem hingað til hefur náðst.

7.2 Menning, íþróttir og dægradvöl

- Taka má fram til glöggvunar að sjálfstætt starfandi tónlistarfólk starfar ekki eingöngu við tónleikahald heldur einnig við margskonar samkomur, svo sem brúðkaup, jarðarfarir, afmæli, fermingar, útskriftir, árshátíðir, ráðstefnur, opnanir, þorablót, og allskonar mannfagnaði.

7.3 Menntun

- Skólar hafa lært mikið af þessum tíma en fljótlega fara gallarnir að verða fyrirferðameiri en lærdómurinn.
- Yfirvöld hafa staðið sig vel. En nú er komið að því að horfa lengra fram í tímann svo hægt sé að skapa viðunandi starfsumhverfi fyrir menntakerfið og festu í skólastarfi næstu misserin.

7.4 Atvinnulíf

- Gerum íslenska skólakerfið samkeppnishæft. Veitum auknu fé til grunnskóla til að auka gæði kennslu í tækni- og raungreinum og auka tæknisköpun.
- Notum verkfærakistu Heimsmarkmiða.
- Tryggjum starfsemi hugverkadrifinna fyrirtækja á Íslandi með hækkaðri hámarksgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði.
- Slípum umgjörð skattahvata við fjárfestingu í nýsköpun.
- Gagnatengingar til að auka samkeppnishæfni og geri landið að áhugaverðum valkosti fyrir nýsköpun, gagnavinnslu og gagnaver.
- Hvetja til fjárfestinga erlendra og innlendra fagfjárfesta / Stefnumót vísindamanna og atvinnulífs / Aukum framlag til samkeppnissjóða sem styðja vísindastarf.
- Það mikilvægt að hugsa stórt en á sama tíma sjá fegurðina í einfaldleikanum og passa að missa ekki leikinn úr lífinu.
- Það eru meira en 4.500 manns með háskólamenntun án atvinnu. Það eru 85% fleiri en eftir hrun (2009). Verulega er vegið að afkomuöryggi þessa hóps nú um stundir. Þessir einstaklingar geta ekki enn sem komið er sótt sér frekara nám án þess að komi til skerðingar á atvinnuleysisbótum. Því þarf að breyta og ástæða til að fagna ummælum félags- og barnamálaráðherra þar um.
- Aðalkrafa BHM er að grunnbætur atvinnuleysistrygginga verði hækkaðar, tekjupakinu lyft og tekjutengdar bætur greiddar út í 6 mánuði í stað þriggja nú. Ef það verður ekki gert mun viðvarandi atvinnuleysi leiða til gríðarlegs tekjufalls fjölskyldna og stefna mörgum þeirra í fátækt.

Meðaltekjufallið á ársgrundvelli innan BHM er 55%. Þá liggur fyrir að langvarandi atvinnuleysi hefur mjög neikvæð áhrif á heilsufar fólks og lífsgæði.

- Nú er einfaldlega ekki rétti tíminn til að skera niður í ríkisfjármálum. Covid-19 faraldurinn veitir, þrátt fyrir allt, tækifæri til að ná til alls almennings með skýrum skilaboðum um heilsu, hreyfingu og mikilvægi forvarna við að tryggja betri lífsgæði fólks á öllum aldri.
- Símenntun og nýsköpun á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar.
- Styðja þarf við fólk til að gera því mögulegt að styrkja færni sína og hæfni til nýrra og breyttra starfa. Mikilvægt er að einstaklingar fái svigrúm og stuðning til símenntunar, til að vaxa samhliða breyttum störfum og takast á við ný verkefni. Atvinnuleysistryggingarsjóður er dæmi um mikilvægan félagslegan innvið sem liðsinnir fólki sem missir vinnuna. Í markmiðum laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 kemur fram að tryggja á „launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt“. BHM telur rétt að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins skoði hvort vert sé að útvíkka markmið Atvinnuleysistryggingarsjóðs þannig að ekki sé eingöngu horft til fjárhagsaðstoðar heldur einnig til þess hvernig megi styðja við fólk til að gera því mögulegt að styrkja færni sína og hæfni til nýrra og breyttra starfa.
- Covid-19-faraldurinn ýtti við fyrirtækjum, stjórnvöldum og menntastofnunum í að hraða enn frekar starfrænni þróun og sjálfvirknivæðingu. Neikvæðar afleiðingar faraldursins munu fylgja okkur inn í nánustu framtíð en sýna jafnframt mikilvægi þess að fleiri stöðum sé rennt undir verðmætasköpun í landinu. Eitt stærsta tækifærið til þess er að mati BHM að nýta tækni fjórðu iðnbyltingarinnar til að búa til ný störf, auka verðmætasköpun og efla opinbera þjónustu.

7.5 Almannaöryggi

- Að tryggja heilsufar þjóðarinnar á þann hátt að daglegur rekstur samfélagsins rofni sem minnst.
- Rýna löggjöf og móta lagasetningu sem endurspeglar heimildir til rafrænnar stjórnsýslu dómstóla og innan réttarvörslukerfisins, endurmat á framkvæmd refsinga t.a.m. að komast hjá fangelsun t.d. með því að beita rafrænum ökklaböndum.
- Sóttvarnalæknir vísar til mikils álags á embættið vegna alls kyns fyrirspurna. Þessu álagi ætti að léttast af sóttvarnalækni og koma á laggirnar sérstakri miðstöð sem hefði það verkefni að veita réttar upplýsingar og ráðgjöf.

7.6 Velferð

- Gott aðgengi að þeim björgum sem við þurfum til að allt gangi sem best og öruggast fyrir sig. Heilsa og velferð og huga betur að þeim viðkvæmu hópum sem búa einir og eru að einangra sig. Tryggja aðgengi að sóttvarnarhúsi fyrir þá sem þurfa á því að halda.
- Við þurfum að huga sérstaklega að framlínustarfsmönnum og hlú að þeim eftir bestu getu og hvetja framlínufólkið og stjórnendur í velferðarþjónustu til jafns við heilbrigðisstarfsfólk undir heitinu Heilsa og velferð – ekki einblína bara á heilbrigðisstarfsfólk – heldur líka sjúkraflutningamenn, starfsmenn í sólarhringsþjónustu á vegum sveitarfélaganna svo eitthvað sé nefnt.
- Covid hefur opinberað okkar helstu áskorun í kerfinu sem heild en það er einkennamiðuð nálgun í stað orsakamiðaðrar á nær öll verkefni hvort sem um er að ræða meðferð við áföllum samfélaga

eða einstaklinga á hverjum tíma. Notum tækifærið og grípum til orsakamiðaðrar nálgunar. Annað atriði sem mikilvægt er að horfa til er smæð og oft óskilvirkar skipulagsheildir kerfisins. Við erum fá sem búum á þessu landi og við höfum ekki efni á að dreifa kröftum okkar út um allt. Þannig má benda á velferðarmálin sem eru aftur komin í tvö ráðuneyti og reyndar þrjú með því að jafnréttismálin fóru í forsætisráðuneytið. Þetta flækir mál og dregur úr skilvirkni. Síðan eru það 69 sveitarfélög, kjördæmaskipting, sýsluskipting, heilbrigðisumdæmi o.fl. sem ekki byggja á sömu skiptingu. Nú þegar þrengir að í efnahagsmálum þjóðarinnar blasir þessi óskilvirkni og óþörfu girðingar við. Ástandið núna hefur gefið okkur tækifæri til að stokka upp kerfið. Við erum í dauðafæri!

- Samfélagið þarf að virða tilmæli sóttvarnalæknis um grímunotkun og 2 m regluna þar sem hún gildir. Faraldurinn hefur opinberað fátækt og sárafatækt fatlaðs og langveiks fólks. Ljóst er að örorkulífeyrir dugar stórum hópi ekki fyrir nauðsynjum, lyfjum og lækniskostnaði. Gríðarlega mikilvægt er að fötluðu og langveiku fólk sé tryggð framfærsla sem dugar því og að dregið sé verulega úr skerðingum. Fátækt er orsakavaldur vanlíðunar, heimilisofbeldis, einangrunar, félagslegrar einangrunar, brotinnar sjálfsmýndar, depurðar, þunglyndis o.s.frv. Börn og ungmenni með geðrænar áskoranir þurfa að fá meiri og betri aðstoð frá kerfinu sem s.s. BUGL, skólakerfinu og heilbrigðiskerfinu. Nú er tækifæri stjórnvalda til að beita sér fyrir samfélagi án aðgreiningar, þar sem allir hafa tækifæri og enginn er skilinn eftir. Aðgengismál í viðum skilningi þess orðs eru stórt mál víða í samfélaginu. Aukin áhersla á algilda hönnun og eftirlit með að farið sé eftir löggjöfinni er atvinnuskapandi, eykur skilning almennt á hve mikilvæg algild hönnun er fyrir alla. Þá er tækifæri til menntunar fyrir alla, að skóli án aðgreininga sé raunverulegur, og í boði fyrir þá nemendur sem velja slíka skóla, þar sem sérfræðiaðstoð er í boði fyrir börn og ungmenni með fatlanir (raskanir og geðgreiningar ofl.) Mikil þörf er á áfallaúrvinnslu /meðferð (leiðsögn og handleiðsla) við einstaklinga og fjölskyldur þeirra þegar einstaklingur slasast eða veikist alvarlega og fatlast í kjölfarið. Þá þarf að slík aðstoð/þjónusta/meðferð að vera við foreldra sem eignast fatlað barn eða verða fyrir því að barn verður langveikt/veikist/slasast og fatlast af þeim sökum. Hverskyns þjónusta við börn og ungmenni með fötlunargreiningar og fjölskyldur þeirra sem og fullorðna einstaklinga verða að vera trygg. Það hvernig umönnun og aðstoð og jafnvel kennslu er ýtt yfir á foreldri og aðstandenda eykur hættu á að viðkomandi veikist sjálfur og lendi á örorku. Nú er tækifæri til að gera betur!
- Við teljum að hvatning til hreyfingar sé mjög mikilvæg þar sem áhættan við sitja og gera lítið er mikil. Holl næring er lykilmál en margir eldri borgarar búa við fátækt og eiga því í vök að verjast þar sem matvara hefur hækkað undanfarið. Þó nokkur fjöldi eldri borgara býr við fátækt. Kórónuveirufaraldurinn hefur aukið kostnað þeirra, þar sem það er tekið gjald fyrir að senda fólki lífsmat heim og tilbúna máltíðir bera sendingargjald auk venjulegs verðs.
- Að leggjast á eitt við að halda ró okkar allra og vinna að hagsmunum okkar fólks – eldri borgara.

